framkomu, búningi, og lífi einstaklinganna í þjóðfjelaginu. Þeir siðir sem ekki ná þeim tilgangi eru ósiðir. En þeir siðirnir sem bezt ná því markmiði eru fegurstu siðirnir.

Framhald.

# Grundvallarlög

## Hins Únítariska Kyrkjufjelags Vestur-Íslendinga.

Með því að á undanfarandi þingum, kyrkjufjelags vors, hafa ýmsar breytingar verið gjörðar á grundvallarlögunum, svo að hin upphaflega útgáfa þeirra, er prentuð var sumarið 1901, er kyrkjufjelagið var stofnað, er orðin mjög ónákvæm, hefir oss hugsast að rjettast væri að láta Heimir flytja þau í sinni núverandi og endurbættu mynd. Svo hefir kyrkjufjelagið látið gefa þau út að nýju, samkvæmt fyrirskipun síðasta þings, og eru þau nú fáanleg hjá eftirfylgjandi mönnum:

Skrifara kyrkjufjelagsins, Sjera Guðm. Árnasyni;
Útbreiðslustjóranum, Hra. B. B. Olson, Gimli; og
"Field Agent", sjera Rögnvaldi Pjeturssyni,
533 Agnes Str.

Söfnuðir og meðlimir kyrkjufjelagsins eiga heimting á að fá eintak af lögunum ókeypis, og geta þeir snúið sjer í því efni til skrifarans. Auk þess verða lögin til sölu á 5 c. eintakið. Afsláttur ef fleira en eitt eintak eru keypt í einu. Þau eru í laglegu broti og vönduð að pappír og prentun. Gjörðu fjelagsmenn og aðrir er kyrkjumálum vorum unna rjett í því, að fá sjer nokkur eintök af þeim og leggja þau innan í brjef til kunningja sinna heima og hjer, svo að sem flestum gæfist kostur á að kynna sjer stefnu og starf fjelagsskapar vors. Tíu eintök verða seld á 25 c., er senda má í frímerkjum. Dregur verðið engan, en ef greitt er, hjálpar til að borga prentun.